

**Austurbrú ses. – 14. stjórnarfundur
haldinn fimmtudaginn 12. febrúar 2013
í starfsstöð Austurbrúar Vonarlandi**

Mættir: Valdimar O. Hermannsson, Sverrir Mar Albertsson, Þórunn Eymundardóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigrún Blöndal og Rögnvaldur Ólafsson ásamt Karli Sölva Guðmundssyni framkvæmdastjóra. Jafnframt kom Anna Dóra Helgadóttir fjármálastjóra inn á fundinn undir 3. dagskrárlíð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnar
2. Samþykkt um verklagsreglur og fundarsköp stjórnar
3. Fjármál Austurbrúar
4. Staða SSA innan skipurits Austurbrúar ses
5. Skýrsla framkvæmdastjóra – staða mála, samningar, fundir o.fl.
6. Önnur mál
 - Framkvæmdaráð Austurbrúar (skipan og hlutverk)
 - Ársfundur
 - Ákveða næsta stjórnarfund

Formaður setti fund kl. 16.05 og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnar staðfest og undirrituð

Fundargerð 13. stjórnarfundar staðfest með undirritun. Búið var að senda hana og samþykkja eftir síðasta fund í tölvupósti.

2. Samþykkt um verklagsreglur og fundarsköp stjórnar

Skúli Björn kynnti drög að samþykktum um verklagsreglur og fundarsköp stjórnar sem send höfðu verið á fundarmenn fyrir fundinn og hann hafði unnið ásamt Sigrúnu Blöndal. Farið var stuttlega yfir einstaka kafla en stjórnarmönnum gefst færi á að koma athugasemdum sínum á framfæri til Skúla og Sigrúnar á næstu dögum áður en gengið verður frá lokadrögum fyrir næsta stjórnarfund.

Samþykkt að nú færðust öll gögn stjórnar og einnig gögn frá AST-vinnunni yfir á Sharepoint af Dropboxi og ætlar framkvæmdastjóri að fela Sigrúnu Lóu að vinna það verk. Skúli Björn verður henni til ráðgjafar. Notkun á Dropboxi verður hætt og öllum stjórnarmönnum verða send aðgangsorð og kennt að nota Sharepoint.

3. Fjármál Austurbrúar – yfirlit og staða kynnt

Anna Dóra fjármálastjóri kom inn á fundinn og kynnti drög að rekstrarreikningi 2012. Enn eru ekki öll kurl komin til grafar í bókhaldi ársins en útlit er fyrir að halli ársins verður svipaður og fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

Lögð voru fram drög að fjárhagsáætlun 2013 og kynnti Anna Dóra þau. Þessi fyrstu drög, sem eru unnin af stjórnendum sviðanna, gera ráð fyrir rekstrarafgangi.

Umræður urðu um áætlunina og lýstu stjórnarmenn yfir ánægju með hana. Gerð var athugasemd við hvernig styrkfé til úthlutunar hjá menningar sviði er fært og lagt til að farið yrði með það svipað og vaxtarsamningsfé. Rætt um að skilgreina betur hvað ætti að teljast til yfirstjórnunarkostnaðar og hlutfalla þann kostnað síðan niður á svið eftir einhverju einföldu reiknilíkani sem byggði t.d. á mannafla, húsnæðisþörf og tekjum.

4. Staða SSA innan skipurits Austurbrúar ses

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir þremur tillögum um stöðu SSA innan Austurbrúar. Leið nr. 1 var samþykkt, sem felst í því að starfsmaður SSA innan Austurbrúar fái starfsheitið fulltrúi sveitarstjórnarmála og heyri beint undir framkvæmdastjóra en geti einnig sinnt öðrum verkefnum sem framkvæmdastjóri felur honum og þá sérstaklega inni á nýsköpunar- og þróunarsviði. Verksvið og ábyrgð verði skilgreind í þjónustusamningi milli SSA og Austurbrúar og starfslýsing gerð í samræmi við það. Gert ráð fyrir að drög að þjónustusamningi verði lögð fyrir næsta stjórnarfund.

5. Skýrsla framkvæmdastjóra – staða mála, samningar, fundir o.fl.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu á nokkrum samningum. Komin er niðurstaða í greiðslur frá ríkinu vegna framhalds á ál og fisk verkefnum. Fundað hefur verið með fyrirtækjum um aðkomu að þeim og línur að skýrast.

Samkomulag um samfélagsverkefni Afls, Austurbrúar og Arionbanka bíður undirritun hjá Arionbanka.

Byggðastofnun hefur haft samband við Austurbrú vegna tveggja verkefna sem nánar verða kynnt síðar. Framkvæmdastjóri og formaður munu á næstunni heimsækja Byggðastofnun.

Framkvæmdastjóri hefur átt fundi um vaxtarsamningsmál með formanni stjórnar Vaxa og fulltrúa ráðuneytisins.

Framkvæmdastjóri og formaður hafa fundað með forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar og er framkvæmdastjóri búinn að senda honum fyrstu tillögu um samstarfssamning milli Austurbrúar og NMÍ.

Einnig hefur framkvæmdastjóri átt fundi vegna hugsanlegs staðbundins fjarnáms í tæknifræði frá Keili og hitt fulltrúa Fjarðabyggðar til að ræða samstarf milli sveitarfélags og stofnunar. Þá er byrjað að vinna markvisst að kynningu á stofnuninni með ýmsum hætti.

Húsnæðismál voru rædd og í fundargögnum var greinargerð um úttekt á Vonarlandi sem Böðvar Bjarnason hefur unnið fyrir Vísindagarðinn. Henni fylgir kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur. Framkvæmdastjóra falið að funda um þessi mál með forsvarsmönnum Vísindagarðs á grundvelli þessarar úttektar. Markmiðið er að lögð verði fram drög að samkomulagi um húsnæðið á næsta stjórnarfundum.

Stefnumótun. Framkvæmdastjóri á í viðræðum við ráðgjafarfyrtæki um aðstoð við að vinna upp úr gögnum vinnufundar á Hallormsstað. Stjórn leggur áherslu á að hafa allt skýrt í þeim samningum.

Framkvæmdastjóri og Sverrir Mar gerðu grein fyrir stöðu mála varðandi Nýheima. Ljóst er að ekki hefur komið það mótframlag frá aðilum á Hornafirði sem gert var ráð fyrir í samningi sem gerður var í ágúst. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga í málið og komast að samkomulagi við Hornfirðinga um hvernig samningurinn verði uppfylltur eða ráðning starfsmanns yfirtekin.

6. Önnur mál

- a) Framkvæmdaráð Austurbrúar. Þar sem Anna Dóra hefur nú tekið við starfi fjármálastjóra og látið af stjórnarstörfum tímabundið er ljóst að kjósa þarf stjórnarmann í framkvæmdaráðið í hennar stað. Stungið upp á Sigrúnu Blöndal og það samþykkt einróma.
- b) Ársfundur. Samkvæmt skipulagsskrá á að halda ársfund á tímabilinu mars til maí. Tillaga formanns og framkvæmdastjóra að halda hann í byrjun maí. Samþykkt að stefna að því og reyna að finna dagsetningu hið fyrsta.
- c) Sóknaráætlun landshluta. Lokatillögur fara frá SSA þann 15. feb. og verða þær sendar á stjórn Austurbrúar í tölvupósti til kynningar.
- d) Menningarráð. Fundur formanna menningarráða og menningarfulltrúa var haldinn í lok janúar. Ályktun frá þeim fundi hljóðar upp á að samningar verði endurnýjaðir á grundvelli núgildandi samninga. Stjórn felur framkvæmdaráði að vinna í því milli stjórnarfunda að skýra stöðu menningarráðs innan Austurbrúar í ljósi þessa að gera þarf nýja samninga.

Rögnvaldur yfirgaf fundinn kl. 19.10 til að ná kvöldvél suður.

- e) Umsóknir í sjóði. Þórunn vakti máls á því að verkefni tengd Austurbrú sæktu um fjármagn í sjóði eins og menningarsjóð og vaxtarsamning. Rætt um mikilvægi þess að hafa skýr viðmið fyrir Austurbrú. Fagleg viðmið hlytu þó ætíð að ráða hjá úthlutunarstjórnnum þessara samkeppnissjóða sem væru sjálfstæðar og ekki skipað í þær af Austurbrú. Framkvæmdastjóri sagði þetta ekki einsdæmi heldur þekkt að stofnanir sem fóstroðu eða legðu verkefnum til aðstoðu eða starfsmenn væru oft óhjákvæmilega aðilar að umsóknum í samkeppnissjóði og gildi það t.d. um Nýsköpunarmiðstöð. Samþykkt að kanna möguleika á að setja viðmið um þetta inn í vinnu- eða siðareglur hjá Austurbrú og taka málið upp aftur til umræðu og afgreiðslu á stjórnarfundum.

f) Næsti stjórnarfundur. Samþykkt að halda næsta stjórnarfund þri. 5. mars.

Ekki fleira rætt. Fundi slitið 19.25.

Skúli Björn ritaði fundargerð

Valdimar O. Hermannsson

Sverrir Mar Albertsson

Rögnvaldur Ólafsson

Sigrún Blöndal

Þórunn Eymundardóttir

Arnbjörg Sveinsdóttir